

dómur sem til er, þar sem ástin og aðrar dyggðir búa. Það er eins og baldursbrá með ljósri krónu—hið fegursta allra blóma.

—Hirðuleysi er ótraustur grundvöllur til að byggja dygðugt franiferði á, og uppgerðar hæverska ætti ekki að geta varnað fólki frá að þekkja sjálft sig. Hvert barn hefir rétt til að vera heiðarlega fætt og heiðarlega uppalið, en hirðuleysið hefir engan rétt til að stjórna heiminum með kirtlaveiki og öðrum uppdráttar kvillum.

—Réttilegur sigur verður aðeins unninn með réttlæti. Sigurlaun réttvísinnar er friður. Sá sem kneppir annan í þrældóm getur ekki verið frjáls sjálfur. Sá, sem gjörir áhlaup á réttlætið ræðst á sama tíma á sig sjálfan.

—Hugrekki án samvizku er eins og ótamið villidýr. Ættjarðarást án lögmáls er manningnum hindran, aðeins tjóður við vissan blett.

—Þar sem viljinn yfirgnæfir óttann, þar sem hjartað lofar hugsanina, þar sem skyldan vinnur verk sitt vopnlaus, þar sem ráðvendnin fyrirlítur allt samneyti við dauðann,—þar er sannur hetjudómur.

—Eg vildi óska þess, að þeir sem bjóða oss „góða nótt“ hér vildu bjóða oss „góðan morgun“ hinumegin. Eins lengi og vér elskum hver annan, getum vér vonast eftir öðru lífi. Eins lengi og vér sjáum ástvini vora kyssa hinar köldu varir dauðans, getum vér *vonast* eftir endurfundum. Eg vildi ekki lyfta hönd minni til að slökkva slíka von í nokkru mannlegu hjarta.

E. Á.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: **NOKKRIR ÍSLENDINGAR** Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.